

---

**Fundargerð 89. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**  
**Dagsetning: Þriðjudagur 28. september 2021 klukkan 16:30 á Teams.**

Viðstaddir á Teams: Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Örvar Marteinson, Helga Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Heiðrún Edda Pálsdóttir forseti nemendafélagsins og áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir formaður býður fundargesti velkomna og setur fjarfund. Forseti NFSN, áheyrnarfulltrúi nemenda, Heiðrún Edda Pálsdóttir boðin sérstaklega velkomin á sinn fyrsta fund.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.** Fundargerð verður send á Sigríði Finsen sem stýrði síðasta fundi. Fundarmenn gerðu ekki athugasemd við fundargerðina. Fundargerðin verður sett á netið ef Sigríður Finsen gerir ekki athugasemd.
- 2) **Kjör formanns.** Allir fulltrúar skólanefndar eru í kjöri. Formaður óskaði eftir framboði til formanns en engin framboð bárust. Núverandi formaður mun því starfa út skipunartímann. Það er ár eftir af skipunartíma núverandi skólanefndar en hún var skipuð í september 2018.
- 3) **Fundir skólanefndar 2021-2022.** Fundardagar eru þriðjudagar og fundartími er klukkan 16:30. Næsti fundur skólanefndar verður þriðjudagurinn 16. nóvember klukkan 16:30. Fyrsti fundur á nýju ári verður þriðjudagurinn 18. janúar 2022 klukkan 16:30. Fundarmenn tóku vel í að hafa fundi á Teams í bland við að hittast í raunheimum. Næstu fundir eru fyrirhugaðir 15. mars og 31. maí. Þriðjudagurinn 31. maí 2022 verður jafnframt matarfundur. Dagskrá skólanefndarfunda er [hér](#).
- 4) **Nemendur í FSN á framhaldsskólabraut.** FSN tekur inn alla nemendur á upptökusvæði skólans. Nemendur á framhaldsskólabraut hafa sumir ekki lokið námi unglíngastígs í grunnskóla og þurfa því að taka áfanga á fyrsta þrepi. Sólrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari fór yfir eftirfarandi tölur:



### Heildareiningar staðnemenda eftir brautum á haustönn 2021.

Braut	Fjöldi nemenda	Einingar	Ársmendur
Starfsbraut	10	295	9,8
Félags- og hugvísindabraut	40	1240	41,33
Náttúru- og raunvísindabraut	21	664	22,13
NR - búfræðilína	1	25	0,83
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	6	160	5,33
Opin braut	14	421	14,03
Íþróttabraut	10	312	10,4
Framhaldsskólabraut 2	20	550	18,33
	<b>122</b>	<b>3667</b>	<b>122,18</b>

### Heildareiningar fjarnema eftir brautum á haustönn 2021.

Félags- og hugvísindabraut	15	239	7,96
Náttúru- og raunvísindabraut	1	30	1
Opin braut	61	733	24,43
Íþróttabraut	3	74	2,46
Framhaldsskólabraut 2	1	5	0,16
	<b>81</b>	<b>1081</b>	<b>36,01</b>

### Tölur yfir loknar einingar á vorönn 2021.

Braut	Einingar
Starfsbraut	230
Félags- og hugvísindabraut	747
Náttúru- og raunvísindabraut	632
Opin braut til stúdentsprófs	295
Íþróttabraut	354
Framhaldsskólabraut 2	60

**Samtals: 2318**

### Fjarnemendur

Braut	Einingar
Félags- og hugvísindabraut	79
Náttúru- og raunvísindabraut	26
Opin braut til stúdentsprófs	494
Íþróttabraut	25

**Samtals: 624**




Staðnemendur og utanskólanemendur voru í heild 102 á vorönn 2021. Þessir nemendur skila að meðaltali 22,72 einingum á önn sem er 68,8% af fullu námi sem eru 33 einingar (ef við deilum 200 einingum með 6 önnum). Ef við notum 30 einingar sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti notar við útreikninga þá eru þessir nemendur að skila 75,7% af fullu námi. Þetta eru um 77,26 ársnemendur og eru nemendur á starfsbraut þarna á meðal. Fjarnemendur voru 79 en 18 skiluðu engum einingum. Þau 61 sem skiluðu einingum voru að skila að meðaltali 10,22 einingum eða luku tveimur áföngum. Þessar einingar eru ígildi 20,8 ársnema.

#### 5) Heimtur af upptökusvæði FSN haustönn 2021.

Skipting nýnema eftir svæði	Þýði	Innritun	Hlutfall
Stykkishólmur	11	10	90,10%
Grundarfjörður	9	8	88,88%
Snæfellsbær	29	18	62,06%
Vesturbyggð	9	0	0%
Tálknafjörður	6	5	83,33%
	<b>64</b>	<b>41</b>	<b>64,87%</b>

Fjármálastjóri mun taka saman tölulegar upplýsingar um heimtur nemenda af upptökusvæði og senda á skólanefnd. Skólanefnd vill rýna þessar tölur. Kynning á FSN þarf að fara fram á haustdögum því það er of seint að kynna skólann í febrúar.

6) **Sjálfsmat.** Það er unnið að umbótaáætlun við FSN samkvæmt ytra mati 2020, sjá nánar [hér](#). Umbótaáætlun er skilað til Mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem hún verður tekin til athugunar. Það er mjög virkt sjálfsmat við FSN og eru upplýsingar um sjálfsmatið að finna á heimasíðu skólans. Sjálfsmatsskýrsla FSN hefur fengið lof í Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Umbótaáætlun verður skilað 13. október 2021 og verður fundur með fulltrúum Mennta- og menningarmálaráðuneyti, fulltrúum FSN, skólameistara, aðstoðarskólameistara og fjármálastjóra þann 25. október. Það er unnið að sjálfsmati við FSN meðfram skólastarfi allt skólaárið en skýrsla er gerð einu sinni á ári. Það væri gaman að kynna niðurstöður umbótaáætlunar og niðurstöður fundarins í nóvember á fundi skólanefndar. Á föstudögum er kennsla á Teams og eru skiptar skoðanir í samfélaginu á því. Einhverjum finnst það setja skólann niður. FSN vill skoða þetta betur og meta ávinning. Er FSN minni skóli en aðrir því það er skóli fjóra daga vikunnar en ekki fimm. Það þarf kannski að kynna þetta




tilraunaverkefni betur í samfélaginu en árekstrar eru mun færri í núverandi fyrirkomulagi.

- 7) **Starfsmannamál.** Það var auglýst eftir einum starfsmanni, deildarstjóra í framhaldsdeildinni á Patreksfirði. Þroskaþjálfari á starfsbraut leysir deildarstjóra af, en deildarstjóri starfsbrautar er í námsleyfi. Kennarar eru í auknum mæli í kennslu á starfsbraut. Matráður var ráðinn í september og er mikil ánægja með hann. Hann var fyrst ráðinn til reynslu en vill vonandi vera lengur. Hann er útsjónarsamur og nýtir matinn vel. Það var auglýst eftir dönskukennara í ágúst. Dönskukennarinn hefur verið á kenna á Teams meðan viðkomandi vinnur uppsagnarfrest sinn.

Allir kennarar við FSN eru með leyfisbréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Það eru væntanlegir tveir kennaranemar í vettvangskennslu við FSN.

- 8) **Punktur frá fulltrúa nemendafélags.** Heiðrún Edda Pálsdóttir, forseti NFSN fór yfir helstu viðburði sem eru á döfinni hjá nemendafélaginu. Vestfirðingar munu koma í FSN í næstu viku og verður þá uppbrotsvika, nýnemavika ásamt nýnemaballi og vökunótt. Nemendafélagið lýsti yfir áhuga á að halda ball fyrir alla grunnskólanemendur á Snæfellsnesi, helst á haustönn og jafnvel annað á vorönn. Samkvæmt reglugerð um sóttvarnir þá eru grunnskóla- og framhaldskólaböll undanþegin Covid prófum. Fjöldinn á þessum böllum fer heldur ekki yfir 500 manns. NFSN hefur ráðfært sig við hjúkrunarfræðinga varðandi sóttvarnir. Hilmar Már Arason skólastjóri grunnskóla Snæfellsbæjar mun nefna þessar áætlanir á fundi skólastjórnenda af Snæfellsnesi í næstu viku. Ball fyrir grunnskólanemendur verður væntanlega í nóvember. Útskriftarnemendur sem eru að útskrifast í desember 2021 og í maí 2022 hafa áhuga á að fara í útskriftarferð í vor. Útskriftarnemendur ætla að bjóða nemendum sem útskrifuðust í fyrra að koma með í útskriftarferð ef þau hafa áhuga. Nemendafélagið bindur vonir við að halda þrjú böll á þessari önn, nýnemaball, annað ball og jólaball. Nemendafélagið reynir alltaf að halda böll þegar nemendur framhaldsdeildar koma í FSN.



9) Önnur mál.

- a) **Stefnumótun FSN.** FSN naut á vordögum utanaðkomandi aðstoðar frá lldi við stefnumótun. Þetta samstarf gekk mjög vel.
- b) **Skólaakstur.** Bílstjórar hjá Hópförðabílum Svans Kristóferssonar óskuðu eftir þriggja ára samningi við skólameistara sem skólameistari hafði ekki heimild til að semja um, án útboðs. Það þurfti því að bjóða út skólaaksturinn. Niðurstöður útboðs verða kynntar í október. Það er verið að bjóða út til eins árs því hjá SSV er verið að skoða hvort það sé hægt að samnýta skólaakstur sveitarfélaganna, skólaakstur FSN, tólmstunda akstur og strætó.
- c) **FSN í Erasmus verkefni.** FSN er að hefja samstarf við Svæðisgarð Snæfellsness í gegnum Erasmus verkefni þar sem skoðað verður hvernig hægt sé að innleiða nýsköpun og sjálfbærni inn í námsefni fyrir kennara. Erasmus+ verkefnið er verkefni sem heitir CULINECO eða Cultural Innovation through Ecopreneurship og er því stjórnað af landbúnaðarháskóla í Noregi – Norwegian University of Life Sciences. Svæðisgarðurinn býður okkur að taka þátt í þessu verkefni en það snýst um það að örva/byggja upp menningarlega nýsköpun á sjálfbæran hátt. Í þessu verkefni munu aðeins kennarar taka þátt en við vonumst til að fá út úr þessu gott námsefni fyrir nemendur okkar.
- d) **FSN í EEA verkefni.** FSN er að fara af stað með EEA verkefni í samstarfi við skóla í Tékklandi. Verkefni heitir Food for thought og fjallar um að kynna sér matvælaframleiðslu í héraði og að kortleggja hana fyrir nemendur. Nemendur í lýðheilsuáföngum munu taka þátt í þessu verkefni undir stjórn Gísla Pálssonar og Maríu Kúld Heimisdóttur.
- e) **Fundartímar.** Stjórn NFSN finnst erfiðara að finna fundartíma þegar það eru ekki verkefnatímar inn í miðri viku.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 16. nóvember klukkan 16:30. Stefnt er að fundi í FSN ef vel viðrar annars á Teams.

Fundi slitið kl. 18:13.